



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2008


**Málefni: Umsögn um frumvarp um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls, 516. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 16. þ. m., þar sem beðið er um umsögn vegna frumvarps til laga um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls, 516. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs sé heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda framangreindra kristfjárjarða til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu. Andvirði réttindana mun nema rúmum 20 millj. kr. í dag.

Kirkjuráð telur ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna samrýmast eins og unnt er í dag, upphaflegum tilgangi kristfjárjarða sem var fátækraframfærsla. Kirkjuráð styður framgang frumvarps þessa.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs

  
Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.  
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/244/*  
*komudagur 30.4.2008*

Nefndasvið Alþingis  
bt. Elínar V. Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Fljótsdalshéraði, 29. apríl 2008  
nr. erindis 200804153 SSB

Á 101. fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 23. apríl 2008 var tekið fyrir neðangreint erindi.


**Frumvarp til laga um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna  
Merkis og Arnarhóls**

Eftirfarandi fært til bókar:

Bæjarráð fagnar framkomnu frumvarpi og þeirri ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda sem þar kemur fram. Bæjarráð mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarráðs Fljótsdalshéraðs

  
Stefán Bragason